

Sorpstöð Rangárvallasýslu bs.

F U N D A R G E R Ð

160. stjórnarfundur Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. haldinn í Félagsheimilinu Hvoli, Hvolsvelli, þriðjudaginn 23. september 2014 kl. 13:30

Mætt: Ágúst Ingi Ólafsson, Egill Sigurðsson, Sigfús Davíðsson, Ísólfur Gylfi Pálmason, Björgvin G.Sigurðsson, Ómar Sigurðsson og Guðmundur Einarsson sem ritaði fundargerð.

Ágúst Ingi Ólafsson setti fund og stjórnaði honum.

Þetta gerðist:

1. Yfirlit um rekstur Sorpstöðvarinnar fyrstu 8 mánuðina.
Lagt fram yfirlit yfir rekstur Sorpstöðvarinnar janúar til ágúst 2014. Reksturinn er í svipuðu horfi og á sama tímabili á árinu 2013.
2. Samantekt á byggingarkostnaði móttökuhúss það sem af er og kostnaði við aukaverk.
Heildarkostnaður við byggingu hússins nemur nú um 80,8 milljónum án vsk.
3. Skipulag á svæðinu á Strönd og frágangur á plönnum.
Ákveðið að stefna að því að ljúka frágangi á plönnum á Strönd. Ágúst Ingi mun leggja fram kostnaðaráætlun fyrir einstaka verkþætti.
4. Opnunartími á Strönd.
Ekki er talin ástæða til breytinga á opnunartíma að svo stöddu.
5. Bæklingur um sorphirðu.
Ákveðið á gefa út nýjan bækling til kynningar á starfsemi Sorpstöðvarinnar og jafnframt að leyta ráðgjafar hjá Gámaþjónustunni varðandi útgáfuna.
6. Leiga á manni til Gámaþjónustunnar samkvæmt samþykkt síðasta stjórnarfundar.
Ekki varð af þessu samstarfi.
7. Framkvæmdir sem framundan eru á Strönd.
Eftir er að útbúa plön og ganga frá umhverfinu á Strönd.
8. Umræður um tækjakost Sorpstöðvarinnar.
Ákveðið að kaupa gámaeiningu, sem nýja starfmannaaðstöðu á Strönd.
9. Önnur mál.
Ágúst Sigurðsson var kjörinn fulltrúi á aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands 2014 og varamaður var kjörinn Ísólfur Gylfi Pálmason. Lögð fram til kynningar eftirlitsskýrsla frá Umhverfisstofnun dags. 3.9.2014.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl: 14,30.